

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um skotvopn, skotfæri o.fl., nr. 787/1998.

1. gr.

Á eftir 43. gr. reglugerðarinnar kemur ný grein, 43. gr. a., svohljóðandi:

Skotvopn sem heimilt er að flytja inn til landsins á grundvelli undanþágu í 7. mgr. 5. gr. laganna skulu hafa ótvírætt söfnunargildi vegna aldurs þeirra eða tengsla við sögu landsins. Skal skotvopnið uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Vopnið verður að hafa ótvíræða, sannanlega tengingu við hernámsliðið á Íslandi í síðari heimstyrjöld. Þannig þarf vopnið t.d. að sjást á ljósmyndum frá Íslandi eða fyrirbyggjandi séu aðrar óvæfengjanlegar sannanir um að það hafi verið í notkun hernámsliðanna á Íslandi í síðari heimsstyrjöld. Þessi tenging er bundin við íslenska grund, ekki loft eða haf í kringum Ísland.
- Vopnið verður að vera í óbreyttri mynd frá því sem það var á hernámstíma. Því má ekki hafa verið breytt að því marki sem hefur áhrif á útlit, virkni eða notkunarmöguleika.
- Hámarkshlaupvidd þeirra safnvopna sem leyft er að flytja inn er 45 cal. eða 11,5 mm.
- Vopnið má ekki vera alsjálfvirkt.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í 8. mgr. 5. gr. vopnalaga nr. 16/1998, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Dómsmálaráðuneytinu, 28. febrúar 2023.

Jón Gunnarsson.

Haukur Guðmundsson.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.